



Guðni Olgeirsson og Sigurjón Mýrdal Mennta- og menningarmálaráðuneyti



*Nýjar námskrár í leik-,
grunn- og framhaldsskóla og
ný framhaldsfræðslulög:
Sóknarfæri fyrir Suðurland*



Ný menntalöggjöf

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Há-
skólar
2006

Sam-
eining
HÍ/KHÍ
2007

Náms-
gögn
2007

Leik-
skóli
2008

Grunn-
skóli
2008

Fram-
halds-
skóli
2008

Menntun
kennara
2008

Fram-
halds-
fræðsla
2010

Ný menntastefna





Menntastefna

Stefnumörkun

Stefnumótun

- *Greinargerðir*
- *Reglugerðir*
- *Aðalnámskrár*

Stefna sveitarfélaga!

Menntastefna byggða?

Skólastarf

Skólanámskrár





Skólanámskrá og starfsáætlun

- **Skólanámskrá**

- Sérhver skóli semur skólanámskrá. Í skólanámskrá gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita.

- **Starfsáætlun**

- Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum. Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 kennsludögum sem skóli hefur til ráðstöfunar er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt, en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori.



Aðalnámskrá, til hvers?

- Í aðalnámskrá er kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk skóla og sett fram meginstefna um kennslu og kennsluskipan. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um námsgreinar og námssvið og segir til um áherslur og vægi.
- Aðalnámskrá er ætlað að samræma nám og kennslu að því marki sem þörf er talin á og tryggja rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarksmenntunar og jafnrétti til náms.



Í leikskólum skal **velferð** og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og **menntun**, búa þeim hollt og hvetjandi **uppeldis**umhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af **umburðarlyndi** og kærleika, **jafnrétti**, **lýðræðis**legu samstarfi, **ábyrgð**, **umhyggju**, **sáttfýsi**, virðingu fyrir **manngildi** og **kristinni arfleifð** íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða **þroska** barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í **íslensku**,
- c. að hlúa að börnum **andlega**, vitsmunalega og **líkamlega** í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að **víðsýni** barna og efla **siðferðis**vitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði **sjálfstæðir**, **virkir** og **ábyrgir þátttakendur í lýðræðis**þjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til **tjáningar** og **sköpunar** í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, **heilbrigðis**vitund, **öryggi** og hæfni til mannlegra samskipta.





GRUNNSKÓLAR

MIENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða **þroska** allra nemenda og **þátttöku** þeirra í **lýðræðis**þjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótað af **umburðarlyndi** og **kærleika**, **kristinni arfleifð** íslenskrar menningar, **jafnrétti**, **lýðræðis**legu samstarfi, **ábyrgð**, **umhyggju**, **sáttfýsi** og virðingu fyrir **manngildi**. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða **þroska**, **velferð** og **menntun** hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að **víðsýni** hjá nemendum og efla færni þeirra í **íslensku** máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta **sköpunarkraft** sinn og að afla sér **þekkingar** og leikni í stöðugri viðleitni til **menntunar og þroska**. Skólustarfið skal leggja grundvöll að **frumkvæði** og **sjálfstæðri** hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólustarf, almenna **velferð** og **öryggi** nemenda.





Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða **þroska** allra nemenda og **virðri þátttöku** þeirra í **lýðræði**spjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Framhaldsskólar búa nemendur undir **þátttöku** í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í **íslensku** máli, bæði töluðu og rituðu, efla **siðferðisvitund**, **ábyrgðarkennd**, **víðsýni**, **frumkvæði**, sjálfstraust og **umburðarlyndi** nemenda, þjálfva þá í öguðum og **sjálfstæðum** vinnubrögðum, **jafnrétti** og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til **þekkingar**leitar.

Framhaldsskólar sinna miðlun **þekkingar** og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari **menntun**.



Sameiginlegt í öllum þremur markmiðsgreinum






Grunnþættir í menntun í leik-, grunn- og framhaldsskólum

- Læsi í víðum skilningi
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Menntun til sjálfbærni
- Skapandi starf





- Tvinnast saman og mynda ívafið, þræðina sem binda saman uppistöður þekkingar, leikni og hæfni í menntavef nemandans upp í gegnum allt skólakerfið.
- Eru óháðir námsgreinum - koma við sögu í öllu námi.
- Snúast öðru fremur um skólabrag, starfshætti og áherslur í skólastarfi.
- ... og stuðla að **vitundarvakningu nemandans** um sjálfan sig, umhverfið og félagsleg gildi.





Læsi

- Læsi er lykillinn að því að nemendur geti þroskað þekkingu sína og hæfileika til að vera gagnrýnir og virkir þegnar í lýðræðisþjóðfélagi. Hjá okkar þjóð er markviss þjálfun í íslensku lykilforsenda þess að öðlast slíka hæfni.
- Nemendur þurfa einnig að hafa aðgengi að öðrum tjáningar- og táknerfum samfélagsins og vera sem best læsir m.a. á erlend tungumál, menningu, félagsleg samskipti, myndmál, tónmál, tölur, upplýsingakerfi, fjölmiðla, náttúru og umhverfi.





Lýðræði og mannréttindi

- Nemendur eiga að læra **til** lýðræðis með því að læra **um** lýðræði **í** lýðræði.
- Starfshættir í skólum skulu miða að því að efla lýðræðislegt samstarf, sjálfstæða og gagnrýna hugsun og viðurkenningu á félagslegum, menningarlegum og einstaklingsbundnum margbreytileika.
- Skólinn er eina stofnun samfélagsins sem getur skipulagt slíka reynslu fyrir öll börn og ungmenni óháð uppruna og félagsstöðu.



Jafnrétti

- Tekur til aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, þjóðernis.
- Á öllum skólastigum þarf að fara fram menntun til jafnréttis.
- Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.



Menntun til sjálfbærni

- Hefur það að markmiði að skapa samábyrgt þjóðfélag. Stuðla þarf að því að hver einstaklingur þroskist sem virkur borgari sem hefur þekkingu á og er meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart
 - hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa
 - náttúru og umhverfi
 - lýðræði, mannréttindum og réttlæti
 - jafnrétti og fjölmenningu
 - velferð og lýðheilsu
 - efnahagsþróun og framtíðarsýn
- Hver námsgrein og hver námsbraut nálgist sjálfbærni á sinn hátt.



Skapandi skólastarf

- Einkennist af opnum, sveigjanlegum og lýðræðislegum skólabrag þar sem hvatning, starfsgleði, víðsýni, umburðarlyndi, fjölbreytni og gagnkvæm virðing er við völd.
- Hefur m.a. að markmiði að virkja frumkvæði, sjálfstæði og sköpunarkraft nemanda til að stuðla að fjölbreyttri túlkun og tjáningu, nýrri þekkingu, nýjum lausnum og nýsköpun í skólastarfi.
- Sköpun er tæki til skilnings og þroska, mótun borgara í virku lýðræði.



LÖG um framhaldsfræðslu

Nr. 27/2010

- *Framhaldsfræðsla: Hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.*



LÖG um framhaldsfræðslu

Nr. 27/2010

- *Fræðsluaðili: Sjálfstæður lögaðili sem veitir framhaldsfræðslu og hefur hlotið viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga þessara.*
- *Raunfærnimat: Skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings. Matið getur byggst á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi,*
- *frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi.*
- *c. Fræðsluaðili: Sjálfstæður lögaðili sem veitir framhaldsfræðslu og hefur hlotið viðurkenningu*
- *ráðherra á grundvelli laga þessara.*



Markmið skólastarfs eru sett fram sem hæfni nemandans.



Þekking

Leikni

Viðhorf



Hæfni



Pekking

er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.

- felur í sér athafnirnar **að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða önnur samskipti** sem nýtast til öflunar þekkingar.
- felur í sér athafnirnar **að ræða, flokka og bera saman þekkingu**.
- felur í sér **framsetningu þekkingar með ólíkum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega**.

Leikni

er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi.

- felur í sér **þjálfun** í aðferðum og verklagi.
- felur í sér val á **aðferðum og skipulag verkferla**.
- felur í sér að miðla leikni sinni með því að **beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum** mismunandi tjáningarforma.

Hæfni

felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.

- felur í sér **hagnýtingu og yfirfærslu þekkingar og færni**. Sú athöfn gerir kröfur um **siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning** nemandans á eigin getu.
- felur í sér úrvinnslu á **þekkingu og færni** nemandans, með því að **bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og ígrunda/fagleg gagnrýni/gagnrýnin hugsun**. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi **sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðartilfinningu og hæfni í að meta aðstæður, eigið framlag og annarra**.
- felur í sér margvísleg tjáningarform þar sem **vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni** er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni **sköpunarhæfni, innsæi og frumkvæði auk hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar**.



Lykilhæfni

- Sú hæfni sem er talin nauðsynleg til að einstaklingur geti lifað og unnið í sátt við sjálfan sig, hafi möguleika á að þróast í og með umhverfi sínu, og eigi möguleika á að bæta lífsskilyrði sín með því m.a. að geta tekið meðvitaðar ákvarðanir og haldið áfram námi
- tengist ýmsum þáttum s.s.
 - tjáningu, samskiptum, samábyrgð og virðingu
 - læsi, jafnrétti, lýðræði, sjálfbærni og sköpun
- byggir á hlutverkagreinum laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla





Lykilhæfni í menntun á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi

Níu þættir lykilhæfni:

- *námshæfni*
- *lýðheilsa*
- *skapandi hugsun og hagnýting þekkingar*
- *jafnrétti*
- *lýðræði og mannréttindi*
- *menntun til sjálfbærni*
- *læsi, tjáning og samskipti á íslensku*
- *læsi, tjáning og samskipti erlendum málum og*
- *læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar.*



Viðmið um lokapróf á framhaldsskólartígi

60 fein samsvara eins veturs vinnu nemenda

SR-Þ2
Málmsuða

ÖL-Þ2
Félagsliðabraut
Nám fyrir aðstoðarþjóna
Útstillingabraut
Miðstig tónlistar?

SR-Þ1
Vélavörður

ÖL-Þ1
Slátrun
Grunnnám GBM, GB, GMV
Stigspróf í listnámi

SR-Þ3

Grafísk miðlun
Sveinsprófsgreinar
Sjúkraliðabraut

ÖL-Þ3


Bókasafnstækni
Fjölmiðlatækni

T.d.
iðnmeistarar-
nám, vélstjórn
IV.stig, osfrv.

			<p>Önnur lokapróf</p> <p>Próf til starfsréttinda</p> <p>Framhaldsskólapróf</p> <p>90-120 fein.</p>			<p>Önnur lokapróf</p> <p>Próf til starfsréttinda</p> <p>Stúdentspróf</p>			<p>ÞREP 4</p> <p>Viðbótar-nám við framhaldsskóla</p>
<p>ÞREP 1b</p> <p>30-60 fein.</p>			<p>ÞREP 2</p> <p>90-120 fein.</p>			<p>ÞREP 3</p> <p>150/180 fein. eða fleiri</p>			
Önnur lokapróf	Próf til starfsréttinda	Framhaldsskólapróf	<p>Stúdentspróf:</p> <p>Íslenska á 3. þrep</p> <p>Stæ/Ens á 2. þrep</p> <p>Stæ/Ens á 1. þrep</p> <p>Samtals 45 fein.</p>						
ÞREP 1a		90-120 fein.							




Heildarfjöldi kennslustunda 7-14 ára grunnskólanemenda í OECD löndum 2008



Students in OECD countries are expected to receive, on average, 6 777 hours of instruction between the ages of 7 and 14, of which 1 554 between ages 7 and 8, 2 467 between ages 9 and 11, and 2 755 between ages 12 and 14. The large majority of intended hours of instruction is compulsory.

Sóknarfæri Suðurlands



1. Nýting endurnýjanlegrar vistvænnar orku
2. Sjálfær ferðapjónusta allt árið
 1. Vatnajökulsþjóðgarður
 2. Geopark í V-Skaftafells- og Rangárvallasýslum
 3. Gullni Hringurinn
 4. Vestmannaeyjar
3. Repjuræktun
4. Njáluslóðir
5. Humarklasi – Höfn, Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn
6. Íslenski hesturinn
7. ART þjálfun og meðferð
8. Vinnsla Kötluvíkurs



Sóknaráætlun 2020- Samantekt svæða.

Sameiginleg sérstaða Íslands

1. Ferðapjónusta – tengd náttúru annars vegar og sögu- og menningu hins vegar
2. Heilsa og vellíðan
3. „Hrein“ matvæli og vatn
4. Fullvinnsla afurða
5. Þekkingarmiðstöðvar og rannsóknasetur
6. Nýting endurnýjanlegrar vistvænnar orku (vatnsafl, jarðhiti)



Samfélagsmarkmið sóknaráætlun 2020

Pekking, velferð, sjálfbærni

- Að minnka hlutfall örorkulífeyrisþega af íbúafjölda úr 6,9% í 5,7% árið 2020.
- Að lækka hlutfall atvinnulausra (> 12 mán.) niður fyrir 3% árið 2020.
- Að auka jöfnuð á Ísland með lækkun Gini stuðuls fyrir ráðstöfunartekjur í um 25 árið 2020.
- Að bæta stöðu jafnréttismála þannig að gildi jafnréttisvísitölunnar global gender gap index verði nálægt 0,9 árið 2020.
- Að auka vellíðan og góða andlega heilsu þannig að meðaltal mælinga, samkvæmt WHO 5 kvarðanum⁸ hækki úr 64 árið 2009⁹ í 72 árið 2020.
- Að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa hlotið formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020.
- Að 4% af landsframleiðslu sé varið til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og að hlutfall framlags fyrirtækja í samkeppnissjóði og markáætlanir sé 70% á móti 30% framlagi ríkisins.
- Að Ísland verði meðal 10 efstu þjóða árið 2020 í rafrænni stjórnsýsluvísitölu og rafrænni þátttökuvísitölu sem mæld er af Sameinuðu þjóðunum.
- Að hátækniiðnaður skapi 10% af landsframleiðslu og 15% af útflutningsverðmætum árið 2020.
- Að notkun vistvæns eldsneytis í sjávarútvegi verði a.m.k 20% árið 2020 og að 20% alls eldsneytis í samgöngum verði vistvænt.
- Að Ísland taki að sér sambærilegar skuldbindingar og ríki Evrópu gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna árið 2020.
- Að vistvæn nýsköpun og afurðir hennar verði helsta vaxtargreinin næsta áratug, með 20% árlegan vöxt í veltu sem tvöfaldist fyrir 2015, miðað við 2011.
- Að árið 2020 gangi 75% nýrra bifreiða, undir fimm tonnum að þyngd, fyrir vistvænu eldsneyti.
- Að hlutfall innlendrar matvöru í neyslu landsmanna aukist um 10% fyrir árið 2020.
- Árið 2020 verði færni íslenskra grunnskólanemenda sambærileg við 10 efstu þjóðir samkvæmt OECD PISA rannsókninni á lesskilningi og læsi á stærðfræði og raungreinar.



15.6.2012

<http://namskra.is>